


Áætlun um foreldrasamstarf



Laugarnesskóli

Samvinna og samstarf =
vellíðan og velgengi

Áætlun um foreldrasamstarf í Laugarnesskóla miðar að því að bæta líðan og nám nemenda skólans. Til að ná settum markmiðum er ætlunin að:

- Viðhafa jákvætt viðhorf.
- Leggja áherslu á gagnkvæma virðingu.
- Veita reglulegar upplýsingar um nám og líðan nemenda í skólanum.
- Vera einlæg í samskiptum.
- Bera sameiginlega ábyrgð á nemendum.
- Sameinast um að kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi og hegðun.
- Sýna umburðarlyndi gagnvart margbreytileika nemenda.

Hlutverk kennara felst meðal annars í virkri upplýsingagjöf til foreldra um nám og líðan nemenda, námskynningum, foreldraviðtölum, foreldraheimsóknum, móttöku nýrra nemenda og undirbúning og skipulag palldagskrár. Hlutverk foreldra er að taka virkan þátt í öllu er varðar nám barnsins, starf bekkjarins, vinahópum og vinafjölskyldum. Þá er lögð áhersla á samstarf við allt grenndarsamfélagið, Laugalækjarskóla, leikskólana í hverfinu, íþróttafélögin og kirkjuna.

Reykjavíkurborg er með foreldravef: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4536/7796_view-4719/ þar sem er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Vefurinn er á mörgum tungumálum.

Formáli.

Nú hefur áætlun Laugarnesskóla um foreldrasamstarf litið dagsins ljós. Áætlunina unnu eftirtaldir aðilar: Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri, Kristinn Svavarsson, aðstoðarskólastjóri, Hafdís G. Hilmarsdóttir, umsjónarkennari, Elsa Lyng Magnúsdóttir, skólaráðsfulltrúi og Sigrún Theodórsdóttir, fyrrverandi formaður foreldrafélags skólans. Alda Sigurðardóttir, foreldri og stjórnendabjálfi, handleiddi hópinn í gegnum þessa vinnu og stýrði vinnufundum með kennurum og bekkjarfulltrúum.

Aðdragandinn að mótun þessarar áætlunar var að skólaári, 2011-2012, voru haldnir tveir fræðslufundir fyrir foreldra um mikilvægi farsæls foreldrasamstarfs varðandi líðan og námsárangur nemenda. Þar gafst foreldrum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir um hvernig þeir vildu sjá samstarf milli Laugarnesskóla og foreldra. Einnig voru tveir vinnufundir með öllu starfsfólki skólans og bekkjarfulltrúum þar sem unnið var með hugmyndir að enn betra samstarfi. Komu þar fram margar þarfar og góðar hugmyndir sem nefndin notaði í vinnu sinni.

Leiðarljós samstarfsáætlunar skólans er að árangursríkt samstarf foreldra og skóla skilar betri námsárangri og líðan nemenda. Í áætluninni er gerð grein fyrir hlutdeild foreldra í fjölbreyttu starfi skólans og hún er samofin stefnu og starfsáætlun Laugarnesskóla.

Samstarf sem skilar betri árangri og líðan nemenda.

Leiðarljós Laugarnesskóla í samstarfi við fjölskyldur er að stuðla að jákvæðu og farsælu samstarfi við nám og líðan barna með umhyggju og virðingu að leiðarljósi. Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á að þegar foreldrar miðla jákvæðu viðhorfi til menntunar og sýna námi áhuga eru meiri líkur til að barni þeirra gangi vel í skólanum. Sömu rannsóknir benda til þess að áhrif foreldra á nám sjö ára barna geti orðið allt að sexföld á við það sem bestu skólarnir ná fram. Menntun barna er sameiginleg ábyrgð skóla og heimila og ef báðir aðilar stefna í sömu átt aukast líkur á góðum námsárangri og aukinni vellíðan barnanna. Ný reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum undirstrikar þessa ábyrgð.

Sjá: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Í kafla 7.7 í almennum hluta Aðalnámskrár 2011 segir:

„Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.“

Markmið Laugarnesskóla til að ná betri árangri og líðan nemenda.

Til að stuðla að lífsgleði leggur skólinn áherslu á eftirfarandi atriði:

- Jákvætt viðhorf í samstarfi við foreldra.
- Gagnkvæma virðingu milli foreldra og starfsmanna skólans.
- Að allir starfsmenn taki vel á móti foreldrum þegar þeir koma í skólann.

Til að efla góðan árangur í námi þá leggur skólinn áherslu á:

- Að skapa traust milli foreldra og kennara og að þeir séu einlægir og óhræddir við að ræða saman um líðan nemenda í skólanum.
- Að nemendur séu áhugasamir og jákvæðir og líði vel í skólanum.
- Að foreldra leggi sig fram um aðstoða börnin sín í náminu og sýni því áhuga.
- Að foreldrar fái upplýsingar um framfarir barnsins og vinnu þess.
- Að skólinn fái upplýsingar um breyttar heimilisaðstæður.

Til að stuðla að góðri samvinnu leggur skólinn áherslu á:

- Að umsjónarkennari og foreldrar séu í góðu sambandi.
- Að sameiginlega ábyrgð sé á velferð og líðan barna í skólanum.
- Að barnið finni að foreldrarnir hafi áhuga á námi þess.
- Að skóli og foreldrar standi saman að því að hjálpa nemendum að vera sjálfstæðir og ábyrgir í námi.
- Að skóli og foreldrar standi saman að því að leiðbeina nemendum um góð samskipti og taki ábyrgð á námi og hegðun sinni.
- Samábyrgð sé um nám, hegðun og góð samskipti nemenda.

Til að ýta undir kærleik leggur skólinn áherslu á að:

- Allir sýni umburðarlyndi og skilning gagnvart ólíkum skoðunum og menningu.

Samstarfsverkefni sem skilar betri líðan og árangri nemenda.

Hlutverk kennara í foreldrasamstarfi

Kennarar skólans leita markvisst leiða til að gera öllum foreldrum kleift að eiga virka hlutdeild í námi og starfi barna sinna og í starfi skólans. Kennarinn lítur á foreldra/forráðamenn sem lykilpersónur í velferð barna þeirra og nýtir faglega þekkingu sína til að aðstoða þá við menntun barnanna og uppeldi.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Laugarnesskóli notar fjölbreyttar leiðir til að upplýsa foreldra um starfið í skólanum og er áhersla lögð á gott upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Foreldrar/forráðamenn fá að vita um allar breytingar á skólastarfi með góðum fyrirvara og fá allir foreldrar/forráðamenn, sem eru með virkt netfang, upplýsingar rafrænt. Aðrir fá upplýsingar í töskupósti eða með símtali. Allir kennarar eru með vikulegan viðtalstíma sem foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að nýta sér. Allir starfsmenn skólans eru með virk netföng og er fyrirspurnum og erindum svarað eins fljótt og unnt er. Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Aldrei ætti að nota tölvupósta til að ræða viðkvæm og persónuleg mál.

Skólastarfið hefst kl 8:30 og foreldrum ber að virða það að ekki er hægt að tala við kennara eftir þann tíma og á meðan kennslu stendur. Kennarar svara ekki í síma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Allir kennarar skólans eru með fasta viðtalstíma á stundaskrá þar sem foreldrar geta hringt eða komið til fundar við þá. Þurfi foreldri að ná tali af kennara á skólatíma þarf foreldri að tilkynna komu sína til ritara og ritarinn kemur skilaboðum áleiðis. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara í síma 4117444. Kennarar hafa val um hvort þeir verði meðlimir að Facebookhóp bekkja. Mikilvægt er að foreldrar hafi í huga að aðgát skal höfð í umræðum þar inni og setji sér siðarreglur um samskipti. Foreldraviðtöl eru þrisvar sinnum á skólaárinu; fyrsta viðtalið er um líðan nemenda í skólanum, næsta er um námslega stöðu og hið síðasta er kynning nemenda á verkefnum vetrarins. Kennarar og stjórnendur senda reglulega upplýsingar til foreldra í gegnum vefsíðuna: www.mentor.is

Heimasíða Laugarnesskóla

Heimasíðan er bæði skólanámskrá og starfsáætlun skólans þar sem fram koma allar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Á heimasíðunni eru einnig tengingar á ýmsa vefi sem tengjast skólanum á einhvern hátt. Veglegan sess skipa svo fréttir og myndir úr skólastarfinu. Stefnt er að því að heimasíðan sé endurbætt og uppfærð reglulega og gefi sem gleggsta mynd af daglegu skólastarfi svo foreldrar/forráðamenn heimsæki síðuna sem oftast og nýti sér þær upplýsingar sem þar er að finna.

Markmið og tilgangur virkrar upplýsingamiðlunar á heimasíðu er:

- Að veita almennar upplýsingar um skólastarfið.
- Vera foreldrum og aðstandendum nemenda skólans brunnur upplýsinga um allt er viðkemur skólastarfinu.
- Að nota Mentor til upplýsingamiðlunar til foreldra/forráðamanna um málefni er viðkoma einstökum nemendum, t.d. upplýsingar um ástundun, heimanám, námsáætlanir, námsárangur og hegðun.
- Vekja athygli á því sem fram fer innan veggja skólans.

Upplýsingakerfið Mentor

Upplýsingagjöf til foreldra um starfið í skólanum og einstaka bekkjum fer fram í gegnum vefsíðuna: www.mentor.is

Mentor er vefkerfi sem er notað í flestum grunnskólum landsins. Á vefnum birtast upplýsingar varðandi nemendur svo sem ástundun, staða í námi, heimanám og námsmat.

Námskynningar

Námskynningar eru í upphafi skólaárs í samráði við bekkjarfulltrúa. Á námskynningum kynnir kennari starf vetrarins, væntingar og skipulag. Bekkjarfulltrúar kynna foreldrasamstarfið og nýir fulltrúar eru kosnir. Allir foreldrar eiga að mæta á námskynningar þar sem hornsteinn að starfi vetrarins er lagður.

Foreldraviðtöl

Leiðarljós foreldraviðtala er að foreldrar/forráðamenn og kennari myndi teymi sem vinnur að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og eiga foreldraviðtöl að tryggja að allir foreldrar/forráðamenn eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Nemendur eiga einnig að læra að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra/forráðamenn. Foreldraviðtöl eru þrisvar á vetri og er tímasetning þeirra á skóladagatali skólans. Að jafnaði eru viðtölin um 15-20 mínútna löng og umsjónarkennari boðar til viðtals og sendir gátlista með fundarboði. Þar gefst foreldrum tækifæri á að tilgreina efni sem þeir vilja ræða sérstaklega í viðtalinu.

Haustviðtal

Fyrir foreldraviðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum/forráðamönnum á vefsíðunni www.mentor.is þar sem hægt er að skoða stöðu nemanda í námi. Allir nemendur fá sendan heim gátlista um líðan í skólanum sem þeir fylla út með foreldrum. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Jafnframt setur nemandinn sér markmið og gerir drög að námsáætlun með foreldrum sínum. Í viðtalinu er líðan nemanda rædd, farið yfir þau markmið sem nemandinn hefur sett sér og rætt um stöðu nemandans í námi. Umsjónarkennari tekur svo saman upplýsingar um líðan nemendahópsins og upplýsir foreldra.

Miðannarviðtal

Fyrir foreldraviðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum á vefsíðunni www.mentor.is þar sem hægt er að skoða stöðu þeirra í námi. Fyrir viðtalið fá allir nemendur sendan heim blaðið „3 stjórnur og ein ósk“ þar sem þeir meta hvað gekk vel frá haustviðtalinu. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Nemandinn metur einnig með foreldrum/forráðamönnum markmið haustannar og setur sér ný markmið. Farið er yfir stöðu nemanda í námi.

Vorviðtal/Gullakistuviðtal

Í lok skólaárs boða nemendur foreldra/forráðamenn í viðtal sem þeir leiða og stjórna. Í viðtalinu skoða nemendur með foreldrum/forráðamönnum sem og öðrum gestum „gullakistuna“ en í hana hafa nemendur valið bestu verk sín yfir veturinn og færa fram rök fyrir vali á verkum í kistuna. Gullakistur nemenda sýna hvað í hverjum nemanda býr. Það er skylda skólans að koma til móts við og viðurkenna mismunandi þroska, getu og hæfileika nemenda. Með því að meta viðleitni nemenda og framfarir er oft hægt að hvetja nemendur til dáða. Gullakisturnar eru geymdar í skólanum milli ára til að nemendur geti skoðað framfarir sínar yfir nokkur ár. Í viðtalinu fá nemendur vitnisburðarblað þar sem lagt er mat á þekkingu, leikni og virkni nemenda í námi. Jafnframt fá þeir afhend öll próf og kannanir vetrarins.

Stöndum saman um jákvæða hegðun og segjum NEI við einelti

Með jákvæðni að leiðarljósi og fullvissu um að hrós og uppörvun hvetji til góðrar hegðunar og líðan, vinnur skólinn samkvæmt PBS kerfinu sem er heildstæður stuðningur innan skóla við jákvæða hegðun. Öflugasta forvörnin gegn einelti felst í því að börn læri með skipulögðum hætti að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Nemendum líður vel þar sem samskiptin helgast af virðingu, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun.

Laugarnesskóli er þátttakandi í verkefninu „Stöndum saman“ sem er forvörn gegn einelti. Nemendum er kennt að besta leiðin til að koma í veg fyrir og stöðva óæskilega hegðun. Þar með er lögð áhersla á að þolendur og áhorfendur læri að bregðast við óæskilegri hegðun með viðeigandi hætti en ekki eingöngu leitast við að draga úr óæskilegri hegðun geranda. Góð samvinna foreldra og skóla um líðan barns í skóla er því mjög mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir einelti.

Skilgreining á einelti

- Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða fleiri börnum/einstaklingum með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.
- Einelti getur einnig birst í samskipum í netmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist Netið af ábyrgð.

Foreldrar/forráðamenn þurfa alltaf að taka alvarlega grun um að barn þeirra verði fyrir einelti í skólanum eða ef upplýsingar berast frá skólanum um að barn þeirra sæti einelti. Góð samskipti og upplýsingafæði milli foreldra/forráðamanna og skóla um líðan barna í skólanum getur því verðið mikilvægur þáttur í að gripið sé inn í og komið í veg fyrir einelti.

Allir skólar í borginni hafa eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja og uppræta einelti þegar grunur vaknar um slíkt. Áætlun Laugarnesskóla og góð ráð til foreldra/forráðamanna er að finna á heimasíðu skólans:

http://www.laugarnesskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=71&Itemid=168

Heimanám

Heimanámi er ætlað að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar/forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en jafnframt stendur þar að þeir hópar sem mynda skólasamfélagið eigi að vinna vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu milli foreldra/forráðamanna og skólans er heimanám.

Markmið heimanáms í Laugarnesskóla er að:

- Æfa lestur.
- Nemendur þjálfir enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum.
- Lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings.
- Nemendur læri að taka ábyrgð á verkum.
- Auka og dýpka skilning á námsefninu.
- Venja nemendur við ákveðin vinnubrögð og ögun í námi.
- Vinna upp það sem ekki náðist að klára í kennslustundum.
- Nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig fyrir skólann.
- Veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna.

Vikuáætlanir

Í Laugarnesskóla fá allir nemendur vikuáætlun í heimanámi. Vikuáætlanir eru settar inn á vefsíðuna: www.mentor.is. Þar kemur fram áætluð heimavinna nemenda, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Þetta er gert til að nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra geti skipulagt heimanámið.

Hlutverk foreldra í heimanámi

Mikilvægt er að forráðamenn skapi gott námsumhverfi heima. Þeir þurfa því að aðstoða börn sín við skipulagningu og sýna inntaki námsins áhuga. Því er afar mikilvægt að foreldrar leiðbeini, örvi og hvetji börnin, allt eftir því hvað við á í hverju tilfelli. Áhugi, aðstoð og hvatning frá foreldrum/forráðamönnum ber alltaf árangur. Nemendur þurfa gott næði og góðar aðstæður til að geta sinnt heimanáminu vel. Vel skipulagður fastur tími hentar flestum nemendum best til að

vinna heimanámið. Þannig má koma í veg fyrir að vinnunni sé frestað fram á síðustu stundu. Foreldrar/forráðamenn þurfa að fylgjast vel með því að heimanámið sé unnið.

Hlutverk nemenda í heimanámi

Nemendur skipuleggja heimavinnuna með foreldrum, gefa því forgang og skila því á réttum tíma. Vinnuramminn er ein vika nema samið sé um annað. Áætlunargerðin er mjög mikilvæg og kennir barninu að skipuleggja vinnu sína. Allar áætlanir geta breyst og það er eins með heimavinnuáætlunina.

Hlutverk kennara í heimanámi

- Gefur greinargóðar upplýsingar um heimanámið í vikuáætlun.
- Sér til þess að nemendur viti hvernig á að leysa verkefnin og þekki markmiðin.
- Gerir kröfur um vönduð vinnubrögð.
- Fer yfir heimanámið.
- Hefur samband við foreldra/forráðamenn ef þörf er á.

Móttaka nýrra nemenda

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar/forráðamenn og nemandi eru boðuð í skólann til kynningar áður en kennsla hefst. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri leiða nemandann og foreldra/forráðamenn um skólann og kynna þeim húsnæði skólans og skólastarfið. Ef tök eru á kynni hann einnig nemandann fyrir verðandi umsjónarkennara. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá einum eða nokkrum nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og að vera með í frímínútum. Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir barn fá foreldrar/forráðamenn í hendur upplýsingabækling fyrir forráðamenn nýrra nemenda. Deildarstjóri sérkennslu veitir nýbúum auk þess sérstaka umsjón ef þess gerist þörf.

Skólaheimsóknir foreldra

Hvatt er til þess að foreldrar kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum, en heimsóknir í skólastofur skulu ávallt vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara. Aðrar heimsóknir eru skipulagðar í samráði við bekkjarfulltrúa og fyrirkomulag þeirra er breytilegt. Foreldrar koma í heimsókn í umsjónarbekk barns síns og eru þar alla jafnan eina kennslustund. Markmið skólaheimsókna foreldra er að treysta samband heimila og skóla. Í eldri bekkjum segja foreldrar frá starfi, tómstundum og/eða áhugamálum eða aðstoða í þemaverkefnum.

Samstarf við foreldri í 1. bekk

Þegar nýr einstaklingur hefur skólagöngu í grunnskóla hefst samstarf milli foreldra/forráðamanna og Laugarnesskóla. Til að leggja grunn að góðri samvinnu sem byggir á gagnkvæmu trausti, þekkingu og skilningi á hlutverki allra þátttakenda skólasamfélagsins er forráðamönnum skylt að mæta á tvo kynningarfundum, að vori og hausti. Markmið fundanna er:

- Að skapa vettvang fyrir foreldra/forráðamenn til að kynnast starfsfólki skólans og að kynnast innbyrðis.
- Að kynna foreldrum þær væntingar sem starfsfólk skólans hefur til þeirra og hvaða hlutverk forráðamönnum er ætlað af hálfu skólans.
- Að gera foreldra meðvitaða um hag og þörf barna fyrir farsælli samvinnu heimila og skóla og þörf þeirra fyrir áhuga foreldra á skólastarfinu.
- Vekja vitund forráðamanna á þeirri ábyrgð sem þeir bera á skólagöngu barna sinna.
- Að gera foreldra meðvitaða um þau áhrif sem forráðamenn geta haft á skólastarfið með starfsemi í skólaráði, foreldrafélagi og sem bekkjarfulltrúar.
- Upplýsa foreldra um að æskilegt sé að hvert foreldri sinni starfi bekkjarfulltrúa að minnsta kosti einu sinni á skólagöngu barnsins.

Palldagskrá

„Að vera á palli“ er þegar nemendur koma fram á palli eða í sal skólans, undir leiðsögn kennara og flytja undirbúin stutt atriði, s.s. leikþætti, upplestur, söng og tónlist fyrir alla sem eru í skólanum á þeirri stundu. Slík dagskrá er flutt einu sinni í viku. Hver bekkur kemur fram a.m.k. einu sinni á vetri og er reynt að virkja alla nemendur til þátttöku. Markmið palldagskrár eru að:

- Þjálfar nemendur í að koma fram fyrir stóran hóp og bera ábyrgð á framkomu sinni.
- Auka samkennd í bekknum.
- Kenna nemendum að setja sig í spor annarra.
- Læra að hlusta og virða framlag annarra nemenda.
- Glæða listhneigð og auka fjölbreytni í skólastarfi.

Foreldrum er boðið í kaffi fyrir „palldagskrá“ og skólinn sér um kaffisopann en foreldrar um meðlætið ef það er í boði.

Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum sem voru samþykkt 12. júní 2008 á að vera starfandi skólaráð við hvern skóla. Í greininni segir:

„Við grunnskóla skal starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og

mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.“

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði og eru fundagerðir birtar á heimasíðu skólans.

Umhverfisteymi

Í Laugarnesskóla er starfandi umhverfisteymi og í því eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda. Stefna Laugarnesskóla í umhverfismálum er að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsfólks. Markmið Laugarnesskóla í umhverfismálum eru að:

- Spara orku eins og hægt er t.d. með því að slökkva ljós þegar þeirra er ekki þörf, slökkva á tækjum sem eru ekki í notkun og nota vatn sparlega.
- Minnka allan óflokkaðan úrgang eins og hægt er t.d. með því að flokka allan pappír, plast og lífrænan úrgang.
- Bæta umgengni og nýtingu á verðmætum skólans meðal annars með aukinni fræðslu.
- nemendur og starfsfólk tileinki sér jákvætt viðhorf til alls lífs og umhverfis. Þetta er gert með því að vanda umgengni sína við dýr og plöntur og njóta náttúrunnar með sem fjölbreyttustum hætti t.d. með því að hjóla eða ganga í skólann.

Foreldrafélag Laugarnesskóla

Allir foreldrar/forráðamenn nemenda í Laugarnesskóla eru félagar í foreldrafélagi Laugarnesskóla. Félagið hefur aðstöðu í skólanum til fundahalda og annarrar starfsemi. Stjórn foreldrafélagsins samanstendur af sjö aðalmönnum sem kosnir eru til 2 ára í senn og tveimur varamönnum sem kosnir eru til eins árs, á aðalfundi félagsins.

Verkefni Foreldrafélagsins eru margvísleg. Félagið kemur að námskeiðinu: Skólafærni ásamt skólanum sem haldið er í byrjun skólaárs fyrir foreldra barna sem eru að hefja nám í 1. bekk. Einnig stendur félagið fyrir jólafundri eða jólaskemmtun, páskabingói, heilsuviku og leikhúsferðum. Í samstarfi við Laugarneskirkju og Laugarsel er haldin öskudagsskemmtun og dótadagur í salarkynnum safnaðarheimilis kirkjunnar. Hverfishátíðin: Laugarnes á ljúfum nótum er vorhátíð sem allar stofnanir og félagasamtök hverfisins standa að og kemur foreldrafélag skólans að undirbúningsvinnu og veitingasölu.

Foreldrafélagið kemur einnig að verkefninu „Tíu ára í tjaldi“ sem er samvinnuverkefni foreldrafélagsins, kirkjunnar og skátanna þar sem öllum börnum í 4. bekk er boðið í tjaldferð að vori í eina nótt upp í Katlagil. Það er landskiki uppi í Mosfellsdal sem kennarafélag Laugarnesskóla á og Laugarnesskóli hefur fengið afnot að.

Á heimasíðu skólans er að finna dagskrá foreldrafélagsins og fundargerðir auk þess sem foreldrum eru sendar upplýsingar í gegnum vefsíðuna: www.mentor.is

Félagið á fulltrúa í SAMFOK, samtökum foreldrafélaga og skólaráða í Reykjavík. Um frekari upplýsingar vísast til vefsíðu SAMFOK: www.samfok.net. Foreldrar eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfi skólans, þannig verður góður skóli enn farsælli og árangur og líðan barna okkar enn betri.

Bekkjarfulltrúar

Í byrjun skólaárs eru bekkjarfulltrúar kosnir, 2-4 í hverjum bekk, á námskynningu sem umsjónarkennari heldur fyrir foreldra. Stjórn foreldrafélagsins heldur fund með öllum bekkjarfulltrúum tvisvar á ári og er þeim innan handar varðandi skipulagningu og upplýsingar. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að:

- Vera tengiliðir og verkstjórar í foreldrasamstarfinu.
- Taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs.
- Skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist, kynnist og eigi ánægjulega stund saman.
- Skipuleggja vinahópa.

- Skipuleggja heimsóknir foreldra í bekk einu sinni á skólaári í samráði við kennara.
- Skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast.
- Mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs.

Eftirtaldir árgangar koma að vetrarstarfi foreldrafélagsins í samvinnu við stjórn þess

Árgangur	Verkefni
1. bekkur.	Skipuleggur kökubasar á jólaföndrinu, sér um sölu og allir foreldrar bekkjarins koma með köku á basarinn.
2. bekkur	Aðstoðar á öskudagshátíð/dótadegi sem haldinn er í safnaðarheimilinu í samstarfi foreldrafélags, Laugarsels og kirkjunnar.
3. bekkur	Stjórnar páskabingói og hjálpar til við að safna vinningum fyrir bingóið.
4. bekkur	Sér um veitingasölu (pylsur/vöffur) á hverfishátíðinni Laugarnes á ljúfum nótum.
5. bekkur	Sér um sölu föndurvöru og aðstoðar á jólaföndri foreldrafélagsins.
6. bekkur	Sér um veitingasölu í jólaföndrinu og virkjar börnin í 6.bekk með sér í það.

Vinahópar fyrir 1. til 6. bekk

Sterk samkennd og góð tengsl barna og foreldra hefur áhrif á vellíðan og sjálfsmynd barna og þannig getum við stuðlað að farsælli skólagöngu þeirra. Markmið vinahópa er að styrkja vináttubönd innan bekkjarins eða árgangsins. Reynslan sýnir að þeir eru mjög mikilvæg forvörn gegn einelti og stuðla að auknum skilningi foreldra/forráðamanna og barna. Bekkjarfulltrúar skipuleggja vinahópana í samvinnu við umsjónarkennara. Til að hægt sé að koma þessu í kring er nauðsynlegt að skipulagið sé vel kynnt fyrir foreldrum og að allir séu þessu samþykktir og komi sér saman um hvernig standa eigi að heimsóknunum. Kostnaður við vinahópa á helst ekki að vera neinn og eru þeir hugsaðir sem samverustund til að kynnast börnunum og foreldrum.

Hugmyndabanki fyrir vinahópa:

- Almennir leikir/hópleikir innandyra/utandyra.
- Spila bingó, á spil.
- Baka köku/böku.
- Skreyta piparkökur.
- Búa til snjóhús.
- Gönguferð að þvottalaugum og ormi í Laugardalnum.
- Fjöruferð í Laugarnesinu.
- Hjólreiðatúr um útivistarsvæði hverfisins.
- Sund í Laugardalslauginni.
- Nota leikvelli hverfisins.

Vinafjölskyldur

Markmið

- Að stuðla að virkni erlendra fjölskyldna og barna þeirra í skólasamfélagi Laugarnesskóla sem og íslensku samfélagi og minnka þannig líkur á að einangrun eigi sér stað.
- Að búa til skólabrag sem byggir á virðingu, samkennd og samvinnu.
- Að mynda gagnvirk tengsl íslenskra fjölskyldna við erlendar fjölskyldur (þar sem höfð er að leiðarljósi virðing, umhyggja og stuðningur).

Vinafjölskyldur – framkvæmd.

- Fjölskyldur í sama bekk/árgangi myndi tengsl með tilstuðlan umsjónarkennara og bekkjarfulltrúa. Þar er leitast við að tengja börn sem hafa nú þegar myndað einhver vinatengsl eða eiga sameiginleg áhugamál.
- Opna boðleiðir þannig að íslenska fjölskyldan sýni frumkvæði með því að upplýsa þær erlendu um bekkjarskemmtanir og annað sem fram fer í skólanum. Mjög góð leið er að bjóðast til að sækja og verða samferða á uppákomur skólans.
- Kynna íþrótta- og tómstundastörf hverfisins fyrir börnunum og fjölskyldum þeirra.
- Bjóða börnunum heim stöku sinnum og hjálpa með íslenskulestur.
- Bjóða heim í kaffi og létt spjall.

Samstarf við leikskóla

Laugarnesskóli er í samstarfi við leikskóla hverfisins. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla. Á vorin koma tilvonandi 6 ára nemendur Laugarnesskóla þrisvar sinnum í heimsókn. Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann og merki hans að gjöf. Síðar koma þeir í litlum hópum úr hverjum leikskóla inn í bekki og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara út í frímínútur. Nemendur sem ekki eru í leikskólum hverfisins koma einnig í samskonar heimsókn en í fylgd foreldra. Í síðustu heimsókn koma nemendur með foreldrum og hitta kennara sína. Einnig koma leikskólakennarar í skólann með aðra nemendur til að sýna þeim náttúrugripasafnið og annað sem markvert er.

Samstarf við Laugalækjarskóla

Laugarnesskóli á gott samstarf við Laugalækjarskóla sem tekur við nemendum þegar þeir fara í 7. bekk. Stjórnendur skólanna funda reglulega um sameiginleg málefni og hafa samráð um ýmsa þætti er snúa að skólastarfinu. Skólarnir hafa gert með sér samning um aðgang Laugarnesskóla að námsráðgjafa Laugalækjarskóla og þjónar hann nemendum skólans eftir þörfum. Aðstoðarskólastjórar skólanna fara yfir niðurstöður samræmdra prófa og greina veika og sterka þætti í skólastarfinu út frá þeim.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Laugarnesskóli tekur þátt í starfi grasrótarsamtakanna „Laugarnes á ljúfum nótum“. Þar vinna saman leikskólarnir og grunnskólarnir í hverfinu, foreldrafélögin, Laugarneskirkja, Knattspyrnufélagið Þróttur, Íþróttafélagið Ármann, TBR, Skátafélagið Skjöldungar, KFUM og K, Sundfélagið Ægir og félagsmiðstöðin Þróttheimar. Markmið þessara samtaka er að efla hverfisvitund og samkennd barna og fullorðinna í Laugarneshverfi og stuðla að samræmi á framboði tómstundastarfs og efla skilning á markmiðum og leiðum í starfi þeirra sem koma að starfi með börnunum í Laugarnesi.

Heimildaskrá

Aðalnámsskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.

Nanna Kristín Christiansen, 2010. **Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann**.

Nanna Kristín Christiansen. Reykjavík.

Lög um grunnskóla, 2008.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>